# Ályktun haustþings SSNV 2026

*Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, haldið 1. október 2026 á Hótel Laugarbakka í Húnaþingi vestra, samþykkti eftirfarandi ályktun:*

## Skerðing á framlögum til Landshlutasamtaka

Haustþing SSNV mótmælir fyrirhugaðri skerðingu á framlögum ríkisins til sóknaráætlana og til atvinnuþróunar á vegum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Sóknaráætlanir og atvinnuráðgjöf landshlutasamtaka hafa reynst mikilvægur farvegur fyrir atvinnuuppbyggingu og nýsköpun á landsbyggðinni og skila sér margfalt til baka í formi fjölbreyttara atvinnulífs, betri þjónustu og skilvirkari nýtingu á opinberu fjármagni. Slík skerðing er jafnframt í hrópandi mótsögn við eigin stefnu stjórnvalda í byggðaáætlun, þar sem lögð er rík áhersla á að uppbygging landshluta byggi á áherslum heimafólks og að sóknaráætlanir séu megin farvegurinn til að hrinda þeirri stefnu í framkvæmd heima í héraði. Skerðing á framlögum til þessa málaflokks grefur undan þeim árangri sem náðst hefur og ýtir kostnaði annaðhvort yfir á aðildarsveitarfélögin sjálf eða leiðir til þess að dregið verði úr atvinnuráðgjöf og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki í landshlutanum.

Haustþing SSNV krefst þess að framlög til sóknaráætlana og atvinnuþróunar verði ekki skert heldur tryggð til samræmis við þau verkefni sem landshlutasamtökum er falið að sinna, og að við breytingar á lagaumhverfi sveitarstjórnarstigsins verði tryggt að landshlutasamtök hafi burði til að rækja hlutverk sitt sem drifkraftur atvinnuþróunar og málsvari sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Ályktun þessari er beint til fjármála- og efnahagsráðuneytisins og fjárlaganefndar Alþingis, sem fara með fjárveitingar til málaflokksins, sem og til innviðaráðuneytisins, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, sem standa sameiginlega að samningum um sóknaráætlanir landshluta.